

Fimmtudaginn 23. janúar 1997.

Nr. 135/1996.

Páll Jónsson

(Ástráður Haraldsson hrl.)

gegn

Fokus Bank A/S

(Páll A. Pálsson hrl.)

Lausafjárkaup. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1996. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda með skuldajöfnuði á gagnkröfu sinni, að fjárhæð 1.575.407 krónur. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna héraðsdóms verður staðfest sú niðurstaða hans í aðalsök í héraði, að áfrýjanda beri að greiða stefnda 125.125 norskar krónur með vöxtum, eins og þar greinir, en athuga ber, að um þá fer eftir ákvæði 11. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Af gögnum málsins verður ráðið, að báturinn, sem um ræðir í málinu, hafi verið afhentur áfrýjanda hjá framleiðanda bátsins í Noregi í byrjun september 1990 og fluttur hingað til lands skömmu síðar. Í kjölfarið gerði áfrýjandi athugasemdir um ástand bátsins. Framleiðandinn sendi þá starfsmenn sína til Reykjavíkur, og gerðu þeir meðal annars úrbætur á báti áfrýjanda.

Samkvæmt skýrslum áfrýjanda og umboðsmanns framleiðanda bátsins hér á landi fyrir héraðsdómi skyldi áfrýjandi greiða eftirstöðvar kaupverðs bátsins með skuldabréfi til tveggja ára. Verður að skilja þessar skýrslur svo, að áfrýjandi hafi ekki átt að fá bátinn afhentan fyrr en við útgáfu skuldabréfsins. Af útgáfu þess varð þó ekki, og tók áfrýjandi bátinn í sínar vörslur um miðjan október 1990, en þá var fyrrgreindum lagfæringum á vegum framleiðandans lokið.

Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi innan árs frá því,

að hann tók bátinn í sínar vörslur, skýrt seljanda frá því, að hann ætlaði að bera fyrir sig galla, sbr. 54. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, en til þess var honum þó gefið sérstakt tilefni með innheimtubrési stefnda 27. mars 1991. Þá hefur áfrýjandi ekki heldur sýnt fram á, að hann hafi innan þess frests, sem greinir í 27. gr. sömu laga, skýrt stefnda frá því, að hann hygðist bera fyrir sig vanfnd af hans hálfu vegna dráttar á afhendingu bátsins.

Vegna þess, sem að framan greinir, og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti verður hann staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Páll Jónsson, greiði stefnda, Fokus Bank A/S, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. janúar 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. desember sl., er höfðað með stefnu, birtri 11. október 1991.

Mál þetta var upphaflega dæmt 20. apríl 1993, en með dómi Hæstaréttar 12. september sl. var því vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Stefnandi er Fokus Bank A/S, Vestre Rosten 77, 7075 Tiller, Noregi.

Stefndi er Páll Jónsson, kt. 091232-7669, Uppsálavegi 4, Sandgerði í Miðneshreppi.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda jafnvirði 163.064 króna í íslenskum krónum á greiðsludegi með eftirgreindum dráttarvöxtum á ári: 17% frá 1. nóvember 1990 til 1. janúar 1991, með 18% frá þeim degi til 1. apríl 1991, með 17% frá þeim degi til 1. maí 1991, með 15% frá þeim degi til 1. október 1991 og 14,5% frá þeim degi til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, einkum 11., 12. og 14. gr., sbr. lög nr. 67/1989, frá þeim degi til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga, í fyrsta sinn 1. nóvember 1991.

Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að málskostnaður

beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá og með 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda í aðalsök eru þær, að stefndi verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá og með 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Í þinghaldi 8. september 1992 höfðaði stefnandi í aðalsök gagnsök á hendur aðalstefnanda og gerir þær kröfur, að gagnkröfu hans, sbr. niðurstöðu matsmanna á dskj. nr. 16, 1.575.407 krónum, verði skuldajafnað á móti kröfu stefnanda í aðalsök. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga, frá því að fimmtán dagar eru liðnir frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda í gagnsök eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af skuldajafnaðarkröfu stefnanda í gagnsök og gagnstefnandi dæmdur til að greiða gagnstefnda málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti á málskostnað. Þess er krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá og með 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Til vara er þess krafist, að stefnukrafa í gagnsök verði lækkuð verulega og málskostnaður látinn falla niður.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stefnu, að með kaupsamningi, dagsettum 1. maí 1990, hafi stefndi keypt bátinn GK-304, Jónu Björgu, sem ber skipaskrárnúmerið 2094. Seljandi var Selfa Båt A/S, sem er norskt skipasmíðafyrirtæki. Kaupverð bátsins hafi verið samkvæmt kaupsamningi 513.270 norskar krónur eða 4.786.756 íslenskar krónur miðað við gengi 30. apríl 1990. Stefnukrafa máls þessa eru að sögn stefnanda eftirstöðvar kaupverðs bátsins samkvæmt reikningi nr. 213, dagsettum 30. ágúst 1990, að fjárhæð 299.982 norskar krónur. Stefndi hafi þegar greitt 136.918 norskar krónur af reikningi þessum, en eftir standi 163.064 norskar krónur, sem eru stefnukrafa máls þessa. Selfa Båt A/S framseldi kröfu sína til stefnanda, sem er því eigandi kröfunnar og stefnandi máls þessa.

Stefnandi styður kröfu sína við samning um kaup á báti, sem stefnda beri að standa við eftir þeirri almennu reglu samningaréttarins, að samninga skuli halda.

Stefndi kveður málavexti þá, að hann hafi keypt Selfa kystjakt 28 með smíðanúmer Reki 18 af Selfa Båt A/S með kaupsamningi, dagsettum 1. maí 1990. Kaupverð báts samkvæmt kaupsamningnum hafi verið 502.970 norskar krónur, þ. e. 4.681.000 ísl. kr. miðað við gengi 15. febrúar 1990.

Í kaupsamningnum hafi verið nákvæm upptalning á öllum verkliðum og því, sem með fylgdi í kaupunum.

Stefndi hefur greitt samtals 3.565.000 íslenskra króna inn á kaupsamning. Stefndi heldur því fram, að um eftirstöðvar, 1.116.000 íslenskar krónur, hafi verið fullt samkomulag þess efnis, að þær skyldi greiða með skuldabréfi til tveggja ára. Frá slíku skuldabréfi hafi aldrei verið gengið af ástæðum, sem stefndi telur algerlega á ábyrgð umboðsmanns seljanda hér á landi, Björns Jóhannessonar.

Báturinn kom til landsins 9. september 1990, en samkvæmt kaupsamningi skyldi hann afhentur um miðjan júlí 1990.

Þá ber stefndi fyrir sig, að margvíslegir gallar hafi verið á bátnum, er hann kom hingað til lands, og enda þótt starfsmenn seljanda hafi komið til landsins og gert við ýmislegt, hafi þær viðgerðir verið til málamynda, og jafnframt hafi hann orðið fyrir verulegu tjóni vegna dráttar á afhendingu bátsins. Hefur stefndi því höfðað gagnsök til skuldajafnaðar á hendur stefnda í aðalsök og heldur því þar fram, að hann eigi kröfu, að fjárhæð 1.575.407 krónur, á hendur gagnstefnda og reisir hana á matsgerð dómkvaddra matsmanna, sem dagsett er 9. september sl.

Niðurstæða.

Stefnandi vísar til reiknings, dagsetts 30. ágúst 1990, en fjárhæð hans er 299.982 norskar krónur.

Í skýrslu sinni hér fyrir dómi lýsti vitnið Björn Jóhannesson, framkvæmdastjóri Reka hf., umboðsmaður seljanda hér á landi, því, að við reikningsfjárhæð þessa bæri að bæta 4.000 norskum krónum vegna eldavélar, sem komið hefði með bátnum, 3.200 norskum krónum vegna varahluta, sem fylgt hafi, en ekki er gerð nánari grein fyrir, og fragt hafi kostað 24.000 norskar krónur. Samtals geri þetta 330.982(?) krónur, og frá þeim dragist greiðsla stefnda 17. september, 1.565.000 íslenskar krónur, þ. e. 167.918 norskar krónur. Þá standi eftir 163.064 norskar krónur, sem eru stefnufjárhæð í aðalsök.

Einnig gaf hann þá skýringu á mismun heildarverðs í reikningi þessum, þ. e. 506.070 krónum í stað 502.970 króna, sem eru kaupverð samkvæmt kaupsamningi um bátinn, að við bættust svonefnd goggbretti og kostnaður við að mála nafn bátsins og merkja hann.

Fram kemur í málinu, m. a. í framburði umboðsmanns seljanda, að stefnda var aldrei sýndur reikningurinn, sem stefnandi reisir málsókn sína á, fyrr en eftir að mál þetta var höfðað. Þá kom fram hjá sama vitni, að ýmsar breytingar voru gerðar, án þess að um það væri skráð nokkuð eða

reikningar gerðir vegna þess og þeim þá framvísað við stefnda. Þannig liggur ekki fyrir neitt yfirlit um viðskipti aðila, sem treystandi er á, um stöðu viðskipta aðila kaupsamningsins.

Samkvæmt samningi skyldi eldavél fylgja bátnum, og hvað varahluti snertir, liggja engin gögn frammi í málinu um, hverjir þeir hafi verið. Þá liggur ekki frammi reikningur yfir kostnað við flutning bátsins til landsins, og verður því sá kröfuliður ekki tekinn til greina.

Í aðilaskýrslu stefnda viðurkenndi hann kröfu um greiðslu fyrir flutnings-tryggingu, að fjárhæð 3.385 norskar krónur, og að goggbretti og merkingar hefðu komið með bátnum að vilja hans, en taldi, að aðrir liðir, sem greinin á reikningi þeim, er stefnandi miðar við, hefðu átt að fylgja með bátnum samkvæmt kaupsamningi eða þá, að hann hefði ekki beðið um þá.

Samkvæmt þessu verður fallist á það með stefnanda í aðalsök, að stefnda beri að greiða honum 506.070 norskar krónur að viðbættum 3.385 norskum krónum, samtals 509.455 norskar krónur, að frádregnum 380.918 norskum krónum, sem hann hefur þegar borgað (213.000 + 167.918), samtals 125.125(?) norskar krónur. Fram kemur, að stefndi fékk reikning aldrei í hendur, fyrr en eftir að mál þetta var höfðað, og ekkert yfirlit hefur verið lagt fram um viðskipti aðila, og skýringar á ýmsum atriðum varðandi kröfugerð á hendur stefnda komu ekki fram fyrr en við aðalmeðferð málsins, og er hér átt við skýrslu umboðsmanns seljanda. Vegna þessa verður upphafstími vaxta þingfestingardagur máls þessa.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda í aðalsök til að greiða stefnda 150.000 krónur í málskostnað.

Fram kemur í málinu í framburði vitnanna Guðjóns Óskarssonar og Magnúsar Jónssonar og aðilaskýrslu gagnstefnanda, að hann krafðist riftunar kaupanna á fundi, sem haldinn var á skrifstofu Reka hf. í októbermánuði 1990, og að þeirri kröfu var hafnað.

Eftir þann fund, þ. e. 13. október 1990, tók gagnstefnandi bátinn í sína vörslu, gerði þær viðgerðir, sem þurfti til þess að fá haffærisskírteini, og fyrri hluta nóvembermánaðar 1990 gat báturinn hafið veiðar. Þessar aðgerðir stefnda voru ekki í samræmi við riftunaryfirlýsingu hans, og ekki kemur fram, að hann hafi haft uppi kröfur á hendur seljanda vegna galla eða afhendingardráttar fyrr en í greinargerð sinni, sem lögð var fram á dómþingi 13. febrúar 1992.

Þykir gagnstefnandi hafa sýnt slíkt tómlæti um kröfu sína, að fallast verður á það með stefnda í gagnsök, að krafa sú, er stefnandi í gagnsök kann að hafa átt, sé fallin niður.

Rétt þykir, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Páll Jónsson, greiði stefnanda, Fokus Bank A/S, 125.125 norskur krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 7. nóvember 1991 til greiðsludags og 150.000 krónur í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla, frá því að 15 dagar eru liðnir frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Málskostnaður í gagnsök fellur niður.
